

01.09. 2021

Efni: Tilnefning í Ungmennaráð Suðurlands

Kæra sveitarstjórn

Ungmennaráð Suðurlands óskar eftir því að sveitarfélagið tilnefni einn aðalmann og einn varamann til setu í Ungmennaráði Suðurlands. Fram þarf að koma fullt nafn og netfang þeirra sem tilnefndir eru. Tilnefningar berist á netfangið gudlaug@hfsu.is

Tilnefningin þarf að berast ráðinu fyrir 20. september 2021. Haustfundur ráðsins fer fram í október 2021 og þá verður m.a. fundað með fulltrúum úr stjórn SASS.

Í Ungmennaráði Suðurlands situr einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi, samtals 15 aðalmenn og 15 til vara.

Ráðið fundar a.m.k. tvisvar á ári, að vori og hausti, sjá má upplýsingar um ráðið og fundagerðir á heimasíðu SASS. Þar má einnig finna Handbók ungmennaráða sem er öflugt verkfæri fyrir alla þá sem vilja kynna sér hlutverk og mikilvægi ungmennaráða.

Æskilegt er að fulltrúi sem á sæti í Ungmennaráði Suðurlands eigi líka sæti í ungmennaráði í sveitarfélaginu sem hann er tilnefndur af. Fulltrúi sem hefur setið í Ungmennaráði Suðurlands hefur kost á sitja áfram í ráðinu ef það er vilji sveitarfélagsins/ungmennaráðsins.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllst

F.h. Ungmennaráðs Suðurlands

Guðlaug Ósk Svansdóttir

Verkefnastjóri

Háskólafélag Suðurlands

gudlaug@hfsu.is

S. 6645091